

Enn fremur leyfi ég mér að tilkynna yður, að fallið er á, að samningurinn öðlist gildi frá og með þessum degi, og mun ríkisstjórn Íslands því skoða samninginn gildandi frá því í dag.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendi-  
fulltrúi, virðingu mína.

Ólafur Thors.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, hinn 12. september 1945.*

Ólafur Thors.

hänseende mellan våra Regeringar träffad 86  
överenskommelse.

12. sept.

Om från Isländsk sida ingenting finns att erinra däremot, vill jag dessutom föreslå, att avtalet träder ikraft denna dag.

Mottag, Herr Statsminister, försäkran, om min utmärkta högaktning.

Otto Johansson.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

87

13. sept.

um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins, sé heimild ríkisstjórnarinnar til að láta smíða eða kaupa fiskiskip bundin við það, að skipin séu smíðuð erlendis. Hins vegar hafi athuganir ríkisstjórnarinnar leitt í ljós, að til þess að tryggja eðlilegt viðhald og aukningu fiskibátaflotans, sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin hafi forgöngu um smíði fiskibáta innanlands. Þetta fyrirkomulag tryggi skipasmíðastöðvarnar, skipin fáist smíðuð með beztu kjörum og kaupendum skipanna gert hægara fyrir um að eignast skipin. Jafnframt sé nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni lántöku í þessu augnamiði.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að ríkisstjórninni heimilist að láta smíða fiskiskip innanlands, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. september 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Áki Jakobsson.*